

Fimmtudaginn 25. september 2024 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 20:00.

Mættir: Einar Jón Geirsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jón Egill Jóhannsson, Skúli H. Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Einar Jón Geirsson stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Bakkahvamms hses fyrir rekstrarárið 2023

Lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar ársreikningur Bakkahvamms hses fyrir árið 2023.

Helstu niðurstöður ársreiknings eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur stofnunarinnar á árinu 2023 námu 16,7 millj.kr. og hækkuðu um 10,9 millj.kr. á milli ára eða um 189%. Hagnaður ársins var 8,2 millj.kr. (Árið 2022 var tap upp á 7,6 millj.kr.)

Eigið fé stofnunarinnar í árslok 2023 var neikvætt um 1,7 millj.kr. (Árið 2022 var það 51,4 millj.kr.) að meðtöldu stofnfé stofnunarinnar að fjárhæð 3,0 milj.kr. Á árinu 2023 voru stofnfjárframlög aukin um 13,2 millj.kr. vegna nýbygginga en lækkuð við sölu við sölu eigna félagsins um 74,5 millj.kr. Stjórn stofnunarinnar vísar til ársreiknings um jöfnun taps og aðrar breytingar á eigin fé.

Frankvæmdir hófust á árinu 2022 við nýjar íbúðir sem áformað var að teknar yrðu í notkun á árinu 2023. Á árinu 2023 voru allar fasteignir stofnunarinnar seldar til Brákar íbúðafélags hses.

Ársreikningur 2023 samþykktur samhljóða og verður undirritaður rafrænt.

2. Lokauppgjör og slit Bakkahvamms hses

Í ljósi þess að þeim verkefnum sem félagið Bakkahvammur hses. var stofnaður um er lokið er nú unnið að lokauppgjöri þess og undirbúningur að slitum félagsins hafinn. Formanni stjórnar er hér með veitt heimild til að undirrita öll þau gögn sem snúa að þeim þáttum samanber umræður á fundinum.

Jafnframt er formanni stjórnar í samstarfi við sveitarstjóra falið að boða til aðalfundar til að samþykkja slit á félaginu. Dagsetning aðalfundar ræðst af málshraða í samskiptum við Brák Íbúðafélag hses. og HMS.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:20

Fundargerð send til samþykktar í gegnum tölvupóst.

Fundargerð ritaði Björn Bjarki Þorsteinsson